

24. fundur hverfisnefndar Síðuhverfis haldinn í Síðuskóla 17. apríl 2007.

Mættir: Elías, Svala, Arne, Hulda Sif og Aðalheiður.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundurinn settur og fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

2. Umferðarmál:

Þessi liður fær áframhaldandi frestun þar til nánari upplýsingar fást.

3. Sparkvöllur við Síðuskóla:

Fundur verður haldin föstudaginn 20. apríl með fulltrúum foreldrafélags skólans, bæjarstjóra og fulltrúa hverfisnefndar. Fjallað verður um fyrirætlanir vegna vallarins. Hverfisnefnd skoðar málið út frá niðurstöðu fundarins.

4. Aðalfundur:

Stefnt er að því að halda aðalfund hverfisnefndar Síðuhverfis fimmtudaginn 24. maí kl.20:30. Í kjölfar fundarins sendir nefndin frá sér fréttabréf til íbúa hverfisins.

5. Önnur mál:

- Stefnt er að senda bréf vegna gangbrautamála hverfisins fulltrúa bæjarins.
- Næsti fundur nefndarinnar haldinn þann 21. maí. kl.20:30

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið.